



# VÍS: Uppgjör 2. ársfjórðungs 2022

Árshlutareikningur félagsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2022 var staðfestur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundi þann 18. ágúst.

## Helstu niðurstöður 2F 2022

- Hagnaður tímabilsins eftir skatta var 476 milljónir kr. samanborið við hagnað upp á 2.599 milljónir kr. á sama tímabili í fyrra
- Hagnaður af váttryggingarekstri tímabilsins nam 241 milljón kr. samanborið við 321 milljóna kr. hagnað á sama tímabili 2021
- Samsett hlutfall fjórðungsins var 98,0% en var 95,3% á sama tíma í fyrra
- Iðgjöld tímabilsins voru 5.909 milljónir kr. í samanburði við 5.649 milljónir kr. á sama tíma og í fyrra
- Tekjur af fjárfestingarstarfsemi voru 452 milljónir kr. samanborið við 2.574 milljónir kr. á sama tímabili 2021

## Helstu niðurstöður fyrri helmings ársins 2022

- Hagnaður tímabilsins var 549 milljónir kr. í samanburði við 4.503 milljóna kr. hagnað árið 2021
- Tap af váttryggingarekstri tímabilsins nam 2 milljónum kr. samanborið við 79 milljóna kr. tap á sama tímabili 2021
- Samsett hlutfall var 102,0% en 101,6% á sama tíma í fyrra
- Iðgjöld tímabilsins voru 11.605 milljónir kr. í samanburði við 11.169 milljónir kr. á sama tíma og í fyrra
- Nafnávöxtun fjáreigna nam 1,9% eða sem nemur 818 milljónum kr.
- Arðsemi eigin fjár á fyrstu sex mánuðum ársins var 3,0% en var 25,5% á sama tímabili í fyrra

## Helgi Bjarnason, forstjóri VÍS:

„Við sjáum skýr merki þess að samfélagið sé komið á fullan skrið eftir kórónuveirufaraldurinn sem er virkilega ánægjulegt. Hlutverk okkar er að vera traust bakland í óvissu lífsins og við greiddum út 8.066 milljónir króna í tjónabætur á fyrstu sex mánuðum ársins. Váttryggingareksturinn fyrstu sex mánuði ársins litaðist af þungum vetri – en þó var ekkert stórtjón. Samsett hlutfall fyrir fyrstu sex mánuði ársins var 102,0% samanborið við 101,6% á sama tíma í fyrra – og munar þar um einskiptiskostnað vegna skipulagsbreytinga sem framkvæmdar voru í apríl. Hagnaður tímabilsins eftir skatta nam 549 milljónum króna.

## Jákvæðar fjárfestingartekjur

Fjárfestingartekjur voru jákvæðar þrátt fyrir erfiðar markaðsaðstæður. Þær skýrast fyrst og fremst af hækkunum á óskráðum eignum sem nemur um 1,3 milljarði króna – og má þar helst nefna Kerecis og Controlant. Athygli vekur hversu vel þessum fyrirtækjum hefur gengið á alþjóðlegum vettvangi. Ávöxtun fjáreigna á fjórðungnum nam 1,1% eða 452 milljónum króna. Þetta er frábær árangur í ljósi þess að bæði hlutabréfa- og skuldabréfavitölur lækkuðu í fjórðungnum.

## Óbreyttar horfur fyrir árið

Horfur fyrir árið eru óbreyttar – og gert er ráð fyrir að samsett hlutfall ársins 2022 verði á bilinu 95-97%. Rík áhersla hefur verið á að tryggja arðsemi í tryggingarekstrinum – og því hafa skipulagsbreytingar og hagræðingaraðgerðir átt sér stað hjá félaginu. Skipulagsbreytingarnar eru nú að fullu innleiddar – og hagræðingaraðgerðir munu hafa jákvæð áhrif á rekstur félagsins á komandi ársfjórðungum.

## Við munum verðlauna fyrir tryggð

Við erum þakklát fyrir viðskiptavinum okkar – og viljum sýna það í verki. Undanfarna mánuði höfum við þróað nýtt og spennandi vildarkerfi fyrir viðskiptavinum okkar. VÍS verður fyrst íslenskra tryggingafélaga til að verðlauna fyrir tryggð viðskiptavina sinna með gagnsæjum hætti. Þannig munu þeir sjá hvernig kjör þeirra og fríðindi breytast m.a. með aukinni viðskiptalengd og fjölda trygginga. Nýja vildarkerfið verður hjartað í samskiptum okkar og mun hjálpa okkur að þekkja enn betur þarfir viðskiptavina okkar og mæta þörfum þeirra. Vildarkerfið verður kynnt til sögunnar á næstunni – og ég er viss um að því verði vel tekið hjá viðskiptavinum okkar.“



## Kynningarfundur

Kynningarfundur vegna uppgjörins fyrir markaðsaðila og fjárfesta verður haldinn föstudaginn 19. ágúst, klukkan 8:30 í húsnæði félagsins, Ármúla 3. Helgi Bjarnason, forstjóri félagsins, mun kynna uppgjörið og svara spurningum. Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast hér: <https://www.vis.is/fjarfestaupplýsingar/>

Hægt verður að fylgjast með fundinum í beinu streymi og nálgast upptöku að honum loknum á vefslóðinni: <https://vis.is/2-arsfjordungur-2022/>

## Fjárhagsdagatal

Priðji ársfjórðungur 2022 || 20. október 2022

Ársuppgjör 2022 || 23. febrúar 2023

Aðalfundur 2023 || 16. mars 2023

## Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Erla Tryggvadóttir, samskiptastjóri VÍS, í síma 660-5260 eða með netfanginu [erlat@vis.is](mailto:erlat@vis.is)

## Rekstrarreikningur

	2F 2022	2F 2021	Br.	Br. %	6M 2022	6M 2021	Br.	Br. %
Iðgjöld tímabilsins	5.909	5.649	260	4,6%	11.605	11.169	436	3,9%
Hluti endurtryggjenda	-185	-186	1	-0,8%	-376	-355	-22	6,1%
Eigin iðgjöld	5.724	5.463	262	4,8%	11.229	10.815	414	3,8%
Fjárfestingartekjur	452	2.574	-2.122	-82,4%	818	5.058	-4.239	-83,8%
Aðrar tekjur	11	18	-7	-39,8%	26	36	-11	-29,4%
Heildartekjur	6.187	8.055	-1.868	-23,2%	12.073	15.909	-3.836	-24,1%
Tjón tímabilsins	-4.342	-4.502	160	-3,6%	-8.825	-9.136	311	-3,4%
Hluti endurtryggjenda	71	590	-519	-87,9%	111	754	-643	-85,3%
Eigin tjón	-4.271	-3.912	-359	9,2%	-8.714	-8.381	-332	4,0%
Tæknilegar vaxta- og gengisbreytingar váttryggingaskuldar	151	129	21	16,5%	388	202	186	92,0%
Rekstrarkostnaður	-1.432	-1.387	-45	3,2%	-2.938	-2.816	-122	4,3%
Vaxtagjöld og virðisrýrnun viðsk.krafna	-130	-100	-30	29,5%	-262	-200	-62	31,0%
Heildargjöld	-5.682	-5.270	-412	7,8%	-11.526	-11.196	-330	3,0%
Hagnaður (tap) fyrir skatta	505	2.784	-2.280	-81,9%	547	4.713	-4.166	-88,4%
Skattar	-29	-186	157	-84,6%	2	-210	212	-
Hagnaður (tap) tímabilsins	476	2.599	-2.122	-81,7%	549	4.503	-3.954	-87,8%
Tjóna- og endurtr.hlutfall	75,4%	72,5%			78,3%	78,2%		
Kostnaðarhlutfall	22,6%	22,8%			23,7%	23,4%		
Samsett hlutfall	98,0%	95,3%			102,0%	101,6%		
Ávöxtun fjáreigna	1,1%	6,0%			1,9%	11,8%		
Arðsemi eigin fjár	2,8%	14,4%			3,0%	25,5%		
Hagnaður á hlut	0,27	1,40			0,31	2,42		



## Efnahagsreikningur

Eignir	30.06.2022	31.12.2021
Rekstrarfjármunir	420	474
Viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir	1.433	1.461
Húsaleigueign	666	700
Fjárfestingareignir	41.301	44.679
Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka	1.277	1.774
Viðskiptakröfur	8.756	6.517
Endurtryggingaeignir	1.388	1.207
Aðrar kröfur	974	698
Handbært fé	2.953	1.553
<b>Eignir samtals</b>	<b>59.168</b>	<b>59.063</b>
<b>Eigið fé</b>		
Hlutafé	1.750	1.750
Lögbundinn varasjóður	626	626
Bundið eigið fé	8.222	9.371
Óráðstafað eigið fé	6.904	8.706
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>17.501</b>	<b>20.453</b>
<b>Skuldir</b>		
Víkjandi skuldabréf	3.188	3.033
Tekjuskattsskuldbinding	78	65
Húsaleiguskuld	712	742
Vátryggingaskuld	33.663	30.286
Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka	1.277	1.774
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	2.749	2.709
<b>Skuldir samtals</b>	<b>41.667</b>	<b>38.610</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>59.168</b>	<b>59.063</b>